



Gjaldskrá leikskóla 2017

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt breytingar á gjöldum leikskóla frá 1. janúar 2017.

Grunngjald v/ 8 stunda dvalar eða minna verður kr. 2.791,- fyrir hverja klukkustund á mánuði og lægra gjald kr. 1.954,- Gjald fyrir hádegisverð verður kr. 6.152,- á mánuði og gjald fyrir síðdegishressingu kr. 2.123,-. Gjald fyrir fyrstu hálfu stund umfram 8, verður kr. 4.566,- á mánuði, lægra gjald kr. 3.196,-. Fyrir næstu hálfu stund kr. 9.132,- og lægra gjald kr. 6.393 og fyrir þar næstu, kr. 9.132,- og lægra gjald kr. 6.393,-.

Þeir sem greiða lægra gjald, eru einstæðir foreldrar, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi og öryrkjar með metna örorku 75% eða meira. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og kemur þá afsláttur til framkvæmda næsta mánuð/mánuði. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst, nema foreldrar séu í fullu sumarnámi.

Systkinaafsláttur er 30% af dvalargjaldi fyrir annað barn, en 75% af dvalargjaldi fyrir þriðja barn og 100% fyrir fjórða barn eða fleiri. Systkinaafsláttur gildir einnig ef yngra systkini (6 mánaða og eldra) er hjá dagforeldri, gegn framvísun staðfestingar. Systkinaafsláttur gildir einnig í dægradvöl grunnskóla. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri systkina. Systkinaafsláttur reiknast einnig af lægra gjaldi.

Dvalar stundir	Almennt gjald				Lægra gjald			
	Dvalar Gjald	Með hress.	Með hádegis mat	Með fullu fæði	Dvalar gjald	Með hress.	Með hádegis mat	Með fullu fæði
4	11.164	13.287			7.815	9.938		
4,5	12.560	14.683	18.712	20.835	8.792	10.915	14.944	17.067
5	13.955	16.078	20.107	22.230	9.769	11.892	15.921	18.044
5,5	15.351		21.503	23.626	10.745		16.897	19.020
6	16.746		22.898	25.021	11.722		17.874	19.997
6,5	18.142		24.294	26.417	12.699		18.851	20.974
7	19.537		25.689	27.812	13.676		19.828	21.951
7,5	20.933		27.085	29.208	14.653		20.805	22.928
8	22.328			30.603	15.630			23.905
8,5	26.894			35.169	18.826			27.101
9	36.026			44.301	25.218			33.493
9,5	45.158			53.433	31.611			39.886

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs, nóvember 2016